




Alþýðusamband Íslands

Vörukarfan lækkar í verði hjá þremur verslunum

Vörukarfa ASÍ hefur lækkað hjá Bónus, Hagkaupum og Tíu-ellefu á milli verðmælinga verðlagseftirlitsins í apríl og júní (14.vika'14 og 23.vika'14). Á þessu tæplega þriggja mánaða tímabili hækkaði vörkarfan hins vegar í verði hjá Krónunni, Nettó, Iceland, Nóatúni, Samkaupum-Úrvali, Samkaupum-Strax og Víði. Mesta hækkunin er hjá Samkaupum-Strax um 1,4%. Miklar verðsveiflur eru í öllum vöruflokkum hjá öllum verslunum en mesta hækkunin er í sælgæti hjá Bónus um 6% og mesta lækkunin er í kjötvörum hjá Víði um 8,6%.

Eins og fyrr segir var hækkunin mest hjá Samkaupum-Strax (1,4%), Nóatún hækkaði um (0,6%), Iceland (0,5%), Krónan og Víðir um (0,2%), Nettó og Samkaup-Úrval (0,1%), en hjá Hagkaupum lækkaði verð vörufunnar um (0,9%) og Tíu-ellefu og Bónus um (1%).



Í lágvöruverðsverslununum hækkaði verð vörukörfunnar mest hjá Iceland um 0,5%, en mest hækkaði vöruflokkurinn grænmeti og ávextir um (2,1%) og kjötvörur um (1,5%). Hjá Bónus lækkar karfan um 1%, vegna mikillar lækkunar kjötvörum (5,4%) og ýmsum matvörum um (2,7%), en á móti hækkaði vöruflokkurinn sætindi um (6%) og grænmeti og ávextir um (2,8%).

Vika 14 - 2014 og 23 - 2014	Bónus	Krónan	Nettó	Iceland	Hagkaup	Nóatún	Samkaup-Úrval	Tíu-ellefu	Samkaup-Strax	Víðir
Breyting vörukörfu - vegið meðaltal	-1,0%	0,2%	0,1%	0,5%	-0,9%	0,6%	0,1%	-1,0%	1,4%	0,2%
Brauð og kornvörur	-1,3%	-2,2%	-0,6%	1,4%	2,3%	-0,4%	-0,1%	-1,5%	0,0%	2,0%
Kjötvörur	-5,4%	0,8%	-1,9%	1,5%	1,3%	2,1%	0,5%	0,6%	0,0%	-8,6%
Mjólkurvörur, ostar og egg	0,0%	-0,3%	0,0%	0,3%	0,3%	-1,0%	-1,9%	0,0%	0,0%	0,6%
Grænmeti og ávextir	2,8%	3,0%	4,3%	2,1%	-0,5%	1,2%	5,1%	-2,5%	4,7%	2,4%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	6,0%	0,1%	0,0%	0,0%	-3,0%	2,7%	0,3%	-1,8%	4,4%	4,0%
Ýmsar matvörur	-2,7%	1,2%	2,6%	-0,8%	-3,8%	-0,3%	-1,2%	0,0%	-0,7%	0,3%
Drykkjarvörur	0,2%	-1,5%	-2,0%	-1,2%	-4,7%	0,0%	-1,4%	0,0%	1,9%	2,0%
Hreinlætis- og snyrtivörur	0,3%	-3,3%	-5,7%	-0,5%	-3,2%	0,4%	-0,8%	-3,2%	0,0%	-1,1%

Í stórmörkuðum og klukkubúðum skýrist hækkunin hjá Samkaupum-Strax einkum af hækkunum á grænmeti og ávöxtum (4,7%) og sætindum (4,4%) en brauð og kornvörur, kjötvörur og hreinlætis- og snyrtivörur hafa ekki breyst í verði milli mælinga. Hjá Nóatúni var mesta hækkunin á sætindum (2,7%) og kjötvörum (2,1%). Hjá Víði hækkaði vöruflokkurinn sætindi um (4%) en mikil lækkun var á kjötvörum (8,6%). Hjá Samkaupum-Úrval hækkuðu grænmeti og ávextir um (5,1%) en mest lækkuðu mjólkurvörur (1,9%). Verð vörukörfunnar hefur lækkað í verði hjá Hagkaupum um 0,9% en mesta lækkunin var á drykkjarvörum um (4,7%), vöruflokknum ýmsum matvörum um (3,8%) og hreinlætis- og snyrtivörum um (3,2%). Verðið á vörukörfunni í Tíu-ellefu hefur lækkað um 1%, mesta lækkunin var í hreinlætis- og snyrtivörum (3,2%) og grænmeti og ávöxtum (2,5%).

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglad almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar matar- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysliverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðal heimilis.

Verðbreytingar voru skoðaðar í eftirfarandi verslunum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Iceland; stórmörkuðunum og klukkubúðunum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali, Tíu-ellefu, Samkaupum-Strax og Víði.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar milli verðmælinga. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.